

Ed.

353. Frumvarp

til laga um viðauka við tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland 12. febr. 1872, lög 27. sept. 1901 um fiskiveiðar hlutafélaga í landhelgi við Ísland og lög 31. júlí 1907 um breyting á þeim lögum.

Flutningsmaður: Sigurður Hjörleifsson.

Nú hittist útlent sildarveiðaskip í landhelgi og er þó eigi að veiðum, þá varðar það 200—2000 kr. sektum til landssjóðs, nema nætur séu hafðar í búlka innanborðs þann tíma allan, sem skipið er í landhelgi, og nótabátar á skipi uppi á venjulegum stað.

Leggja má lögöld á skip, afla og veiðarfæri og selja að undangengnu fjárnámi til lúkningar sektum og kostnaði.